



**B.A.-ritgerð**

**Almenn bókmenntafræði**

**Frá Rottweiler hundum til Reykjavíkurdætra**

Um birtingarmyndir kvenna í íslensku rappi

Ragnhildur Þrastardóttir

**Júní 2019**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**HUGVÍSINDASVIÐ**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Almenn bókmenntafræði**

**Frá Rottweiler hundum til  
Reykjavíkurdætra**

*Um birtingarmyndir kvenna í íslensku rappi*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Ragnhildur Þrastardóttir**

**Kt.: 101296 2459**

**Leiðbeinandi: Sveinn Yngvi Egilsson**

**Maí 2019**

## Ágrip

Í ritgerðinni eru birtingarmyndir kvenna í íslensku rappi kannaðar og þær bornar saman við erlendar hliðstæður. Fjallað er um tvær bylgjur í íslensku rappi, annars vegar um aldamótin síðustu þegar fyrst var farið að rappa á íslensku og hins vegar um 2015 þegar ný kynslóð íslenskra rappara kom fram. Tvær stórar rappsveitir einkenna hvora bylgjuna fyrir sig. Sveitin sem einkennir fyrri bylgjuna er alfarið skipuð karlmönnum og heitir XXX Rottweiler hundar en sveitin sem hefur einkum látið til sín taka í seinni bylgjunni er eingöngu skipuð konum og ber nafnið Reykjavíkurdætur. Textar XXX Rottweiler hunda verða því uppistaðan í textagreiningu á fyrri bylgju íslensks rapp en textagreining á síðari rappbylgjunni byggir að stórum hluta á textasmíð Reykjavíkurdætra. Stuðst er við ýmis fræðirit um rapp í ritgerðinni, innlend sem erlend, og m.a. kannað hvernig orðræða kvenhaturs og hlutgervingar birtist í rappinu. Komist er að þeirri niðurstöðu að birtingarmyndir kvenna í íslensku rappi hafi ekki tekið stakkaskiptum í sjálfu sér frá því að íslenskt rapp kom fyrst fram um aldamótin en raddir kvenna hafa fengið að heyrast í seinni bylgjunni og það hefur breytt stöðunni að ýmsu leyti. Konur eru enn hlutgerðar í rapptextum karla en þær birtast ekki einungis sem hlutir heldur einnig sem manneskjur. Eftir að konur stigu sjálfar fram og byrjuðu að rappa á íslensku er veruleiki kvenna orðinn hluti af íslenskri rappsenu.

# Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
1.1	Helstu íslensku fræðiskrif um rapp.....	4
2	Saga rappsins .....	5
2.1	Rapp á íslenskri grundu .....	6
2.2	Saga íslenskra kvenna í rappi .....	6
3	Birtingarmyndir kvenna í fyrri rappbylgju .....	9
3.1	Kvenhatur í fyrri bylgju íslensks rapps .....	10
3.2	Kvenhatur Rottweiler hunda.....	12
4	Birtingarmyndir kvenna í seinni rappbylgju.....	15
4.1	Að „snúa þessu við“ .....	16
4.2	Birtingarmyndir dætranna.....	19
5	Samanburður á fyrri og seinni rappbylgju .....	22
6	Niðurlag .....	25
	Heimildaskrá.....	27

# 1 Inngangur

Rapp hefur löngum verið talið karlabransi og hér á landi heyrðist varla í kvenkyns röppurum fyrr en árið 2013. Það má teljast skiljanlegt þar sem rappið, sem sprottið er úr reynsluheimi svartra og rómanskra bandarískra ungmenna á áttunda áratug 20. aldar, hefur það óorð á sér að vera fullt af kvenfyrirlitningu. Mikið hefur gerst í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á síðustu árum og áratugum. Ísland hefur á síðustu árum verið talið eins konar femínísk útópía, þó að það sé umdeilanlegt,<sup>1</sup> og orðræðan um konur hefur tekið stakkaskiptum í samfélaginu, en hvað með rappið? Hefur það breyst í takt við jafnari stöðu kynjanna hér á landi? Rapp slapp fyrst fram af íslenskri tungu um aldamótin og þrátt fyrir að átján ár séu ekki langur tími í sögulegu samhengi þá hefur ýmislegt breyst í íslensku samfélagi á þessum tæpu tveimur áratugum. Því fer þó fjarri að íslenskir rapparar af karlkyni upphafi kvenþjóðina í textum sínum<sup>2</sup> og af þeim sökum er vert að velta fyrir sér hvort birtingarmyndir kvenna í íslensku rappi hafi breyst á þessu tímabili.

Tvær bylgjur rapptónlistar hafa skolið á Íslandi. Sú fyrri kom í kjölfar þess að rappsveitin XXX Rottweiler hundar, sem eingöngu er skipuð körlum, sigraði Músíktílaunir árið 2000 en vinsældir rapptónlistar dvínuðu mjög eftir um það bil þrjú viðburðarák ár. Sömu sögu var að segja erlendis. Margir héldu vissulega áfram að rappa en vinsældatímabilinu virtist lokið. Árið 2015 skall svo önnur bylgja rapps á landinu<sup>3</sup> en stuttu áður hafði rappsveitin Reykjavíkurdætur komið fram á sjónarsviðið, eða seint á árinu 2013. Sveitin er fyrsta íslenska rappsveitin sem er eingöngu skipuð konum. Til þess að sjá hvort og þá hvernig orðræðan um konur í íslensku rappi hefur breyst frá upphafi verður litið á texta fyrri bylgjunnar annars vegar, aðallega frá upphafi hennar en einnig fram til ársins 2011, og texta seinni bylgjunnar hins vegar, texta frá árinu 2012 og til dagsins í dag. Þar sem XXX Rottweiler hundar og Reykjavíkurdætur eru stærstu íslensku rappsveitirnar sem hafa komið fram hérlendis verða textar þeirra uppistaðan í greiningu á fyrri og síðari bylgju íslensks rapps. Auk þess verða tekin dæmi úr textum annarra rappara til frekari samanburðar.

---

<sup>1</sup> Bryndís Silja Pálmadóttir, „Fjallað um „feminísku útópíuna“ Ísland í Ástralíu“.

<sup>2</sup> Til dæmis brutust miklar umræður út eftir útgáfu lagsins O.M.G þar sem konur þykja hlutgerðar í texta lagsins. Betur verður farið yfir það seinna í þessari ritgerð.

<sup>3</sup> Anna Guðjónsdóttir, „Rapp? Ég hætti að hlusta á þessa músík í 8. bekk“, 6.

## 1.1 Helstu íslensku fræðiskrif um rapp

Lítið hefur verið skrifað um íslenskt rapp í tímans rás enda íslenskur rappheimur nokkuð ungur að árum. Tvær greinargóðar fræðigreinar hafa þó komið út um efnið ásamt stöku blaða- og vefgreinum. Hér verður helst litið til fræðigreinnanna tveggja en þar ber fyrst að nefna „Annað skrefið – aðlögun rapps að íslenskri menningu“ eftir Svanhvíti Lilju Ingólfssdóttur. Greinin fjallar, eins og titillinn gefur til kynna, um aðlögun rappsins að íslenskri menningu. Í greininni ræðir Svanhvít um orðræðu rappsins en hún er merkingarbær tjáningarháttur „sem nær út fyrir tungumálið“ og á Svanhvít þá við að talsmáti, framkoma, atferli og fleira eigi sinn þátt í orðræðu rappara. Svanhvít ræðir einnig um hugmyndina um kúlið í rappi. Kúlið veitir rappinu aðhald „og setur skorður svo að hipphoppmenningin taki ekki of miklum breytingum eftir því sem hún breiðist út“.<sup>4</sup>

Nátengd kúlinu er svo kenningin um þjáningarskilyrðið<sup>5</sup> í rappi sem Anna Marsibil Clausen nefnir í ritgerð sinni „*Við elskum þessar mellur*“: *Kyn og vald í íslensku rappi*. Þjáningarskilyrðið felst í því að flytjendur megi einungis nýta sér rapp ef þeir hafa gengið í gegnum erfiðleika.<sup>6</sup> Þjáningarskilyrðið er þó ekki eina skilyrðið sem flytjendum rapptónlistar er sett því krafan um trúverðugleika og það að rapparar séu „ekta“ er einnig sterk, eins og Anna Marsibil bendir á. „Það er gríðarlega mikilvægt að vera „ekta“ í rappi enda falla allar valdaumleitarnir rappara um sjálfar sig séu þeir dæmdir „feik“.“<sup>7</sup> Tilvísanir í uppruna rappara eru til dæmis nýttar til þess að undirstrika að viðkomandi sé ekta<sup>8</sup> og sömuleiðis það að rapparinn hafi gengið í gegnum erfiðleika og uppfylli því þjáningarskilyrðið.

Annað mikilvægt hugtak í rappi, sem Anna Marsibil ræðir, er sjálfsupphafning. Hún segir rappara hafa nýtt sér níðvísur til þess að upphefja sjálfa sig frá byrjun.<sup>9</sup> Þessir neikvæðu textar beinast gjarnan að ímynduðum andstæðingi sem rætt er við í annarri persónu. Textarnir byggjast oft og tíðum á hlutgervingu kvenna sem íslenskir karlkyns rapparar nýta til að upphefja sjálfa sig og níða aðra karlmenn samtímis.<sup>10</sup>

---

<sup>4</sup> Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir, „Annað skrefið: aðlögun rapps að íslenskri menningu“, 105.

<sup>5</sup> Anna Marsibil Clausen, „*Við elskum þessar mellur*“: *Kyn og vald í íslensku rappi*, 18.

<sup>6</sup> Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir, „Annað skrefið: aðlögun rapps að íslenskri menningu“, 108.

<sup>7</sup> Anna Marsibil Clausen, „*Við elskum þessar mellur*“: *Kyn og vald í íslensku rappi*, 16–17.

<sup>8</sup> Sama heimild, 17.

<sup>9</sup> Sama heimild, 3.

<sup>10</sup> Sama heimild, 30.

## 2 Saga rappsins

Rapptónlist, flutningur texta við taktfastan undirleik tónlistar, á rætur að rekja til Vestur-Afríku en þaðan barst talsöngur til eyja í Karíbahafi.<sup>11</sup> Uppruni rapptónlistar er þó gjarnan rakinn til Bandaríkjanna, nánar tiltekið New York borgar.<sup>12</sup> Hún er „helsta og útbreiddasta form hipphopps“ en aðrir þættir þess eru skífuskank (e. *DJ-ing*), graffítí, breikdans og taktkjaft (e. *beatboxing*).<sup>13</sup> Bandarískt rapp varð til úr pólitískum og efnahagslegum umbreytingum í New York í byrjun áttunda áratugarins. Svart og rómanskt ungt fólk, að stórum hluta innflytjendur frá Karíbahafi, skapaði þetta nýja menningarform, rapp, sem andsvar við kynþáttafordómum, fátækt, yfirgangi og ofbeldi.<sup>14</sup>

Rappið var ekki lengi að breiðast út um öll Bandaríkin og listamenn frá Los Angeles, New Orleans, Miami og Chicago fóru fljótlega að senda frá sér rapptónlist.<sup>15</sup> Nú er svo komið að rappið er ekki einungis bundið við Ameríku heldur hefur það rutt sér til rúms um allan heim. Rapptónlist hefur þannig færst af jaðrinum og inn að miðju vinsældarmenningar á örfáum áratugum.

Rapp hefur borið í sér mikla ádeilu á samfélagsmál síðan það kom fyrst fram. Það hefur hrint af stað umræðum um ýmis málefni, til dæmis pólitík, kyn og kynhneigð, glæpi, löggæslu og fangelsun. Samt sem áður á rapptónlist sér ýmsar dökkar hliðar. Frá upphafi hefur rappi verið stjórnað af körlum og rapptextar þeirra falið í sér karlrembu, hómófóbíu og kvenfyrirlitningu.<sup>16</sup>

Ákveðnar konur hafa þó náð inn fyrir dyr rappheimsins og nýta þær vettvanginn gjarnan til þess að gagnrýna kvenfyrirlitningu í rappmenningu og til þess að leggja eitthvað af mörkum til þróunar samtvinnaðs femínisma (e. *intersectional feminism*)<sup>17</sup>, femínisma sem tekur til greina alla hópa kvenna, ekki einungis hvítar millistéttarkonur.<sup>18</sup> Konur eru því ekki lengur á jaðri rappsennar heldur nær miðju hennar. Aðrir jaðarhópar, eins og til dæmis hinsegin fólk, eru þó enn á jaðri rappiðnaðarins.<sup>19</sup>

---

<sup>11</sup> Árni Matthíasson, „Tungan hárbeitt“, 8.

<sup>12</sup> Mccoy, „Rap Music“, 1.

<sup>13</sup> Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir, „Annað skrefið: aðlögun rapps að íslenskri menningu“, 105.

<sup>14</sup> Mccoy, „Rap Music“, 1.

<sup>15</sup> Sama heimild, 1.

<sup>16</sup> Sama heimild, sama stað.

<sup>17</sup> Sama heimild, 2.

<sup>18</sup> Damant o.fl., „Taking Child Abuse and Mothering Into Account – Intersectional Feminism as an Alternative for the Study of Domestic Violence“, 128.

<sup>19</sup> Mccoy, „Rap Music“, 2.

## 2.1 Rapp á íslenskri grundu

Árni Matthíasson blaðamaður skrifaði greinina „Tungan hárbeitt“ árið 2003 í *Lesbók Morgunblaðsins*. Greinin fjallar um rapp í alþjóðlegu og íslensku samhengi en þar kemur fram að rapp hafi komið til Íslands rétt fyrir aldamót. Íslenska rappsenan hófst með tilkomu rappsveitanna Quarashi og Subterranean en þær röppuðu á ensku á tíunda áratugnum. Rappsveitin XXX Rottweiler hundar sigraði Músíktílaunir árið 2000 en Árni segir að íslenska rappsenan hafi breyst til muna með sigri þeirra.<sup>20</sup> Erpur Eyvindarson, einn helsti rappari sveitarinnar, tekur undir það í útvarpsþáttunum „Rapp? Ég hætti að hlusta á þessa músík í 8. bekk“, sem Anna Guðjónsdóttir stýrði. Erpur heldur því fram að þeir í XXX Rottweiler hundum hafi ekki einungis verið fyrstir til þess að rappa á íslensku heldur hafi þeir einnig verið frumkvöðlar í því að fjalla um íslenskan veruleika með rapp að vopni.<sup>21</sup>

Rapp varð gríðarlega vinsælt hérlendis eftir að XXX Rottweiler hundar stigu fram á sjónarsviðið. Fleiri fóru að semja texta á íslensku en svo virðist fljótlega hafa orðið lægð í rappsenunni. Önnur vinsældabylgja rapptónlistar reið yfir landið árið 2015<sup>22</sup> og hún er enn í hæstu hæðum. Miklar breytingar hafa orðið á íslenskri rappsenu og Erpur segir hana orðna mjög fjölbreytta. „Óneitanlega er þó ein stærsta breytingin að farið er að bera á fleiri kvenkyns röppurum,“ segir í greinargerð Önnu um útvarpsþættina.<sup>23</sup>

## 2.2 Saga íslenskra kvenna í rappi

Það gengur gegn þeirri staðhæfingu að rappið sé karlasena að kona skuli hafa verið einna fyrst til að rappa á íslenskri grundu. Hún var meðlimur í rappsveitinni Subtarreanean og rappaði því á ensku. Þessi kona heitir Ragna Kjartansdóttir en er betur þekkt undir listamannsnafninu Cell7. Cell7 lá þó í leynum frá því að hljómsveitin lagði upp laupana árið 1998 og fram til ársins 2013 þegar hún gaf út sólóplötuna *Cellf*.<sup>24</sup>

Þrátt fyrir að Cell7 hafi stigið svo snemma inn í rappsenuna heyrðist lítið sem ekkert frá konum í rappi þar til rúmum áratug eftir að rappsenan fór á flug hérlendis. Það var þá Þórdís Nadia Semichat sem braut múrinn með laginu „Passaðu þig“ árið 2012. Lagið var, að hennar eigin sögn, eins konar uppreisn gegn feðraveldinu, en í laginu talar hún um karlmenn eins og karlkyns rapparar tala gjarnan um konur. Eftir að Þórdís gaf

<sup>20</sup> Árni Matthíasson, „Tungan hárbeitt“, 10.

<sup>21</sup> Anna Guðjónsdóttir, „Rapp? Ég hætti að hlusta á þessa músík í 8. bekk“, 13.

<sup>22</sup> Sama heimild, 35.

<sup>23</sup> Sama heimild, 39.

<sup>24</sup> Stefán Þór Hjartarson, „Cell7 er komin aftur“.



lagið út sagði hún í viðtali við fréttasíðuna *Vísi* að íslensku hipphoppsenunni hafi verið stjórnað af karlmönnum og að vinsæl rapplög væru gjarnan gegnsýrð af kvenfyrirlitningu.<sup>25</sup> Þannig varð rappið, sem til að byrja með var tól hinna kúguðu til þess að berjast gegn kúgun, að tóli til þess að kúga konur. Félagsfræðingarnir Terry M. Adams og Douglas B. Fuller segja rapptexta fulla af kvenhatri vera tilkomna m.a. vegna þess að það gefi röppurum tækifæri á að upphefja sjálfa sig og karlmennsku sína að tala á niðrandi hátt um konur.<sup>26</sup>

Eins og áður segir varð önnur bylgja í íslenskri rapptónlist árið 2015. Þá voru Reykjavíkurdætur nýkomnar fram á sjónarsviðið, sumum til ama en öðrum til fögnuðar. Sveitin er þekkt fyrir að hneyksla en miklar umræður mynduðust um Reykjavíkurdætur þegar þær komu fram í spjallþætti Gísla Marteins, *Vikunni*. Þar fluttu þær lagið „Ógeðsleg“ íklæddar sjúkrahúsklæðnaði og var ein þeirra með svokallaðan „strap on“ gervilim.<sup>27</sup> Þær dönsuðu á milli annarra gesta þáttarins og jafnvel í kjöltu Gísla Marteins. Frægt er orðið að leikkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir gekk út úr umræddum þætti.<sup>28</sup>

Þegar Reykjavíkurdætur komu fyrst fram í lok árs 2013 mættu þær mikilli mótstöðu. Stuttu eftir að þær urðu vinsælar gagnrýndi rapparinn Emmsjé Gauti þær á Twitter reikningi sínum og sagði: „Þetta er ekki spurning um kyn. Rapp er rapp. RVK dætur var feit þæling sem gekk ekki upp. Vond tónlist er vond tónlist.“<sup>29</sup> Margir tóku þessum ummælum rapparans sem einhvers konar skotleyfi á Reykjavíkurdætur. Fréttasíðan *Nútíminn* birti myndband þar sem Reykjavíkurdæturnar Steiney Skúladóttir og Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir lásu upp brot af athugasemdunum sem látnar voru falla um sveitina í kjölfar ummæla Emmsjé Gauta. Þar voru þær til dæmis kallaðar „remúlaði fylltar brundbuddur“, sagðar hljóma eins og „gólin í hundi sem verið er að farga“, þeim sagt að raka sig undir höndunum, drulla sér í eldhúsið og svo framvegis.<sup>30</sup>

Vigdís Ósk Howser Harðardóttir, ein Reykjavíkurdætra, sagði í útvarpsþættinum „Rapp? Ég hætti að hlusta á þessa músík í 8. bekk“ að sveitin hafi þurft að takast á við mun harðari gagnrýni en karlar innan rappsenunnar enda rappsenan enn karlaveldi. Í sömu

---

<sup>25</sup> Kjartan Guðmundsson, „Rappar gegn kvenfyrirlitningu“.

<sup>26</sup> Adams og Fuller, „The Words Have Changed But the Ideology Remains the Same: Misogynistic Lyrics in Rap Music“, 948.

<sup>27</sup> Jóhann Óli Eiddsson, „Ágústu Evu ofbauð framkoma Reykjavíkurdætra“.

<sup>28</sup> Anna Marsibil Clausen, „Ekki þínar dætur“.

<sup>29</sup> @Emmsjé.

<sup>30</sup> „Níu verstu ummælin um Reykjavíkurdætur: „Það ætti að farga þessu órakaða rusli““.

þáttum tóku tónlistarmennirnir Logi Pedro og Unnsteinn Manuel undir með Vigdísi og bættu því við „að áhrif Reykjavíkurdætra séu og muni óumdeilanlega vera mikil.“<sup>31</sup>

Samkvæmt tónlistarfræðingnum Arnari Eggerti Thoroddsen hefur íslenskt hipphopp alltaf verið bundið við jaðarinn.<sup>32</sup> Þrátt fyrir það er mikill munur á því hvaða jaðarhópar blómstra innan senunnar og hverjir verða undir eins og sést á því hversu erfitt konur, sem gjarnan eru jaðarsettar, hafa átt uppdráttar í íslensku rappsennuni. Þjáningarskilyrðið<sup>33</sup> er mikilvægt í rappi en þeim er einungis heimilt að rappa sem hafa gengið í gegnum einhvers konar erfiðleika. Hér á landi hafa íslenskir rapparar átt erfitt með að gangast undir þjáningarskilyrðið og það hefur ekki náð almennilegri fótfestu hérlendis. Íslenskir rapparar hafa hafnað kröfunni um þjáningarskilyrðið þar sem þeir hafa gjarnan lifað við ágætis kjör alla sína ævi og vandamálin sem þeir kljást við eru ekki á sama skala og vandamál kollega þeirra vestanhafs.<sup>34</sup> Konur tilheyra undirokuðum hópi í samfélaginu og uppfylla því ósjálfrátt umrætt þjáningarskilyrði.<sup>35</sup> En þar sem þjáningarskilyrðinu hefur verið hafnað af íslenskum röppurum þá gagnast það íslenskum konum lítið að vera jaðarsettur hópur, jafnvel í jaðartónlist eins og rappi.

Kúlið er sett ofar þjáningarskilyrðinu í íslensku rappi. Þegar Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir setti sig í samband við rappara á spjallborði hipphoppa sögðu þeir henni að það væri nauðsynlegt að vera svalur, svara fyrir sig og vera með sérþekkingu á sviði hugtakanotkunar í rappi ef maður ætlaði að þrífast innan senunnar.<sup>36</sup> Kúlið er beintengt völdum og peningum en í íslensku rappi er minni áhersla á erfiðleika og meiri áhersla á völd og peninga en það gæti verið þess vegna sem það vinnur ekki með Reykjavíkurdætrum að þær koma úr undirokuðum hópi.

Þrátt fyrir að Reykjavíkurdætur komi fram árið 2013, þegar mikið hefur gerst í jafnréttisbaráttu kvenna á Íslandi, fá þær samt yfir sig holskeflu af móðgunum og falla illa í kramið hjá ýmsum aðilum. Það sýnir svart á hvítu að rappsennan hefur ekki breyst í takti við samfélagið, eða hafði a.m.k. ekki gert það árið 2013. Kúlið setur rappinu, eins og áður segir, „mjög mikið aðhald og setur skorður svo að hipphoppmenningin taki ekki of miklum breytingum eftir því sem hún breiðist út“.<sup>37</sup> Það er því kúlið sem er íhald

<sup>31</sup> Anna Guðjónsdóttir, „Rapp? Ég hætti að hlusta á þessa músík í 8. bekk“, 17.

<sup>32</sup> Arnar Eggert Thoroddsen, „Íslenskt hipphopp: skýrsla“.

<sup>33</sup> Hugtak sem Anna Marsibil Clausen notar í ritgerð sinni „*Við elskum þessar mellur*“: *Kyn og vald í íslensku rappi*, 18.

<sup>34</sup> Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir, „Annað skrefið: aðlögun rapps að íslenskri menningu“, 108.

<sup>35</sup> Anna Marsibil Clausen, „*Við elskum þessar mellur*“: *Kyn og vald í íslensku rappi*, 18.

<sup>36</sup> Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir, „Annað skrefið: aðlögun rapps að íslenskri menningu“, 105.

<sup>37</sup> Sama heimild, 105.

rappsenunnar. Þrátt fyrir að þjóðfélagið taki skakkaskiptum þá passar kúlið upp á að rappið haldi sínum kjarna, sínum karlakjarna.

### 3 Birtingarmyndir kvenna í fyrri rappbylgju

Í rannsókn sem félagsfræðingarnir Charis Kubrin og Ronald Weitser gerðu árið 2009 á 403 bandarískum rapplögum kom í ljós að kvenhatur (e. *misogyny*) er augljóst þema í rappi.<sup>38</sup> Kvenhatur er hugmyndakerfi og gildismat sem er víða að finna í samfélaginu. Það felur í sér lítilsvirðingu á konum eða hatur í þeirra garð. Hugmyndakerfið smættar konur niður í hluti sem karlmenn geta notað eða misnotað að vild.<sup>39</sup>

Kubrin og Weitser segja staðalímyndir kynjanna algengar í dægurtónlist og að konur séu þá gjarnan sýndar sem óæðra kynið eða jaðarsettar á einhvern hátt.<sup>40</sup> Rappið verður þó ekki til í tómi heldur í samhengi við þjóðfélagið sem það þrífst innan og benda Kubrin og Weitser á að rapptextar sem birta konur í neikvæðu ljósi séu meðal annars innblásnir af samtímahugmyndum um samskipti og stöðu kynjanna. Undir það fellur hömpun þjóðfélagsins á ríkjandi karlmennsku (e. *hegemonic masculinity*). Slík karlmennska felur í sér yfirráð gagnkynhneigðra karlmannna yfir konum og gerir ráð fyrir því að allir karlmenn gangist undir hana. Ríkjandi karlmennska krefst þess að samfélagið samþykki hlutgervingu kvenna, kúgun þeirra og takmörkun á fjölda karlmannna sem aðhyllast jafnrétti kynjanna og kynhneigða.<sup>41</sup>

Kvenhatur í rapptextum er þó ekki einungis afurð samfélags sem er fullt af kvenhatri heldur er rappið einnig framlag til kvenhatursfulls samfélags og ýtir það undir hlutgervingu kvenna, hömpun á ríkjandi karlmennsku og svo framvegis. Ungt fólk í öllum stéttum samfélagsins og af hvaða uppruna sem er hlustar á rapp og verður það því óhjákvæmilega fyrir því að hlusta á texta fulla af kvenhatri. Niðrandi birtingarmyndir kvenna í rapptextum geta verið túlkaðar sem tilraun til þess að stjórna konum og slíkar tilraunir geta haft raunveruleg áhrif á samfélagið og þannig ýtt undir misrétti kynjanna.<sup>42</sup>

Kvenhatrið er það sem fólk vill heyra, ef marka má orð rappara í heimildarmynd Byrons Hurt, *Hip-Hop: Beyond Beats and Rhymes* (2007). Þar spyr Hurt rapparann hvers

---

<sup>38</sup> Ronald Weitzer og Charis E. Kubrin, „Mysogyny in Rap Music: A Content Analysis of Prevalence and Meanings“, 11–26.

<sup>39</sup> Terri Adams og Douglas B. Fuller, „The Words Have Changed But the Ideology Remains the Same: Misogynistic Lyrics in Rap Music“, 939.

<sup>40</sup> Ronald Weitzer og Charis E. Kubrin, „Mysogyny in Rap Music: A Content Analysis of Prevalence and Meanings“, 4.

<sup>41</sup> Sama heimild, 5.

<sup>42</sup> Sama heimild, 6.

vegna ofbeldi og kvenhatur sé áberandi í rapptextum. Rapparin svarar því til að rappbransinn hafi engan áhuga á mýkri textum. „Við fáum enga samninga þegar við röppum með réttssýni að leiðarljósi.“<sup>43</sup> Því er rappað fast inni í eins konar vítahring.

Þrátt fyrir að Ísland hafi verið kennt við femíníska útópíu þá hefur kvenhatur svo sannarlega þrífist í íslenskum rapptextum í gegnum tíðina og gerir það jafnvel enn. Ef tekið er mið af kenningum Kubrin og Weitser um það að rappað verði ekki til í tómarúmi þá benda kvenhaturslægir rapptextar til þess að íslenskt samfélag sé ekki alveg jafn femínískt og margur vill vera láta. Textarnir sem teknir verða til skoðunar í þessum kafla eru frá árinu 2000 og til ársins 2011 og falla því undir eldri rapptexta. Textar rappsveitarinnar XXX Rottweiler hunda verða í forgrunni þar sem rappsveitin er gríðarlega mikilvæg í íslenskri rappsögu en einnig verður litið lítillaga á texta rapparanna Emmsjé Gauta og Dabba T.

### 3.1 Kvenhatur í fyrri bylgju íslensks rapps

Hugmyndaflug skorti ekki þegar kom að því að gefa konum nöfn í fyrri bylgju íslensk rapps. Þær voru kallaðar beyglur,<sup>44</sup> tæfur,<sup>45</sup> tíkur,<sup>46</sup> hórur,<sup>47</sup> druslur,<sup>48</sup> kisor,<sup>49</sup> píkur,<sup>50</sup> mellur<sup>51</sup> og margt fleira en þá er einungis tekið mið af textum XXX Rottweiler hunda, Emmsjé Gauta og Dabba T.

Dabbi T, fullu nafni Davíð Tómas Tómasson, gaf út hvað grófasta texta á fyrsta áratug íslenskrar rappsenu. Hann sendi frá sér plötuna *Óheflað málfar* árið 2008 og þó platan hafi ekki verið spiluð mikið í útvarpi þá fór hún eins og eldur í sinu um grasrót rappsins og nutu lög af plötunni mikilla vinsælda meðal unglunga.<sup>52</sup> Á plötunni er meðal annars lagið „Gremja“ þar sem Dabbi T hvetur fyrrverandi kærustuna sína til þess að fremja sjálfsvíg og kallar hana öllum illum nöfnum.<sup>53</sup> Dabbi T er þó hvað þekktastur fyrir lagið „Þröngar píkur“ en texti þess er mjög kynferðislegur og lítillækkandi fyrir konur. Í laginu kallar hann konur m.a. kellingar, tussur, tíkur, beyglur og hórur.<sup>54</sup> Dabbi T gaf ekki

---

<sup>43</sup> Sama heimild, 6: „The industry. They usually don't give us deals when we speak righteously.“

<sup>44</sup> XXX Rottweiler hundar, „Beygla“.

<sup>45</sup> XXX Rottweiler hundar, „XXX“.

<sup>46</sup> XXX Rottweiler hundar, „Gemmér“.

<sup>47</sup> Dabbi T, „Þröngar píkur“.

<sup>48</sup> Sama heimild.

<sup>49</sup> Emmsjé Gauti, „Blikk blikk“.

<sup>50</sup> Dabbi T, „Gremja“.

<sup>51</sup> Blaz Roca og Emmsjé Gauti, „Elskum þessar mellur“.

<sup>52</sup> Elías Þórsson, „The Fall and Rise of Dabbi T: From Rap to Drugs and Back Again“.

<sup>53</sup> Dabbi T, „Gremja“.

<sup>54</sup> Dabbi T, „Þröngar píkur“.

út tónlist aftur fyrr en tæpum áratug eftir útgáfu *Óheflaðs málfars*. Þá birtist hann í öllum helstu íslensku fjölmiðlum og sagðist sjá eftir bernskubrekunum sem enn ásæktu sig. Í viðtali við *The Reykjavík Grapevine* segir Dabbi T að hann hafi skrifað lagið „Þröngar þíkur“ undir miklum áhrifum af klámi.<sup>55</sup> Lagið hefur orðið andagift fyrir femínista á síðustu árum en pistlahöfundur hjá *Nútímanum* skrifaði pistilinn „Mýtan um þröngu þíkuna“<sup>56</sup> út frá lagi Dabba T. Jafnframt gerðu Reykjavíkurdætur grín að „Þröngum þíkum“ með laginu „Fanbois“ sem þær gáfu út 2016. Í textanum segir til að mynda: „Þröngar þíkur, fullnægingu, það segir enginn nei við þessa motherfokking skvísu“.<sup>57</sup>

Dabbi T fullyrðir að hann hafi skrifað lagið „Hún vol. 2“ sem kom út árið 2017 til þess að gera lítið úr sjálfum sér og göfga konur. „Oft þegar rapparar skrifa um konur er það til þess að hlutgera þær. Með nýja laginu mínu „Hún vol. 2“ er ég að upphefja þessa stelpu sem gerir mig ruglaðan í ríminu á meðan ég geri lítið úr sjálfum mér,“ segir Dabbi T.<sup>58</sup> Textasmíð hans hefur því, ef marka má hans orð, umturnast.

Emmsjé Gauti hefur sjaldan verið úthrópaður sem kvenhatari þrátt fyrir að vera einn af stærstu röppurum á Íslandi. Það gæti skýrst af því að hann byrjaði ekki að gefa út eigin tónlist fyrr en 2010 þrátt fyrir að hafa um lengri tíma unnið með öðrum röppurum, til dæmis Blaz Roca í laginu „Elskum þessar mellur“. Þá hefur almenningur væntanlega verið orðinn vanur grófu orðfæri rappara og ekki kippt sér mikið upp við það þegar Emmsjé Gauti rappaði um ofbeldi gegn konum í kynlífi árið 2011. Það var í laginu „Blikk Blikk“ og þar segir : „ef hún er með klær þarf hún að vera þæg og ég þarf að beita hörku til að kisan hún sé þæg“<sup>59</sup> en þar er kisa myndhverfing fyrir konu. Emmsjé hefur misstigið sig á hálli braut kvenhaturs í fleiri skipti, til að mynda í fyrrnefndu lagi, „Elskum þessar mellur“. Þar segir hann: „Þú ert bara ráðin til að kyngja kinka kolli á milli lappa og hlusta á mig syngja“.<sup>60</sup> Hér á hann við að konur séu til einskis nýtar nema til þess að veita karlmönnum kynferðislegan unað.

---

<sup>55</sup> Elías Þórsson, „The Fall and Rise of Dabbi T: From Rap to Drugs and Back Again“.

<sup>56</sup> Indiana Rós, „Mýtan um þröngu þíkuna“.

<sup>57</sup> Reykjavíkurdætur, „Fanbois“.

<sup>58</sup> Elías Þórsson, „The Fall and Rise of Dabbi T: From Rap to Drugs and Back Again“. „Often when rappers write about women it’s to belittle and objectify them. But as with my new song ‘Hún vol. 2,’ I’m upping this girl who’s got my head spinning, while belittling myself.“

<sup>59</sup> Emmsjé Gauti, „Blikk blikk“.

<sup>60</sup> Blaz Roca og Emmsjé Gauti, „Elskum þessar mellur“.

### 3.2 Kvenhatur Rottweiler hunda

Til þess að leita að uppruna kvenhaturs í íslensku rappi er nærtækast að líta á texta fyrstu sveitarinnar sem rapaði á íslensku, XXX Rottweiler hunda. Gjarnan er talað á niðrandi hátt um konur í textum þessara frumkvöðla í íslenskri rappsenu enda tala fyrirmyndir þeirra vestanhafs enga tæpitungu í þeim efnum. Það er þó vert að minnast á að XXX Rottweiler hundar gera ekki beint mun á konum og körlum þegar kemur að því að tala á niðrandi hátt um fólk, eins og Blaz Roca segir í laginu „Þér er ekki boðið“ árið 2001: „Í hipphopp fokka ég í bæði konum og körlum“.<sup>61</sup>

Birtingarmyndir kvenna í lögum Rottweiler hundanna eru klassískar fyrir rapp og í þeim er ríkjandi karlmennsku hampað. Konur birtast þar einkum sem eign karlmanna. Hugmyndin um það að konur séu eign karla nær langt aftur í íslenskum skáldskap og má sjá skýr merki þeirrar hugmyndar í Íslendingasögum. Geðlæknirinn Óttar Guðmundsson skrifaði bókina *Frygð og fornar hetjur* (2016) um hlutverk kynjanna, kynlíf og kynhegðun í Íslendingasögum. Óttar veltir fyrir sér stöðu kvenna í samfélagi Íslendingasagna en hann segist handviss um að atburðir sagnanna hafi raunverulega átt sér stað. „Eignarréttur karla á konunni tengist frjósemi hennar, karlmaðurinn vill eiga frjósemi konunnar og stjórna henni, hann slær eign sinni á konuna og fjölgunarferi hennar,“ segir Óttar í viðtali um bókina.<sup>62</sup>

XXX Rottweiler hundar eru því ekki að finna upp hjólið þegar þeir skrifa um konur sem eign karlmanna. Sveitin kappkostar að lítillækka andstæðinga sína með því að lítilsvirða konur sem standa andstæðingunum nærri með kynferðislegum tilvísunum og upphefja þannig sjálfa sig. Þar sem konurnar eru eign andstæðingsins er það móðgun fyrir hann þegar eignir hans, konurnar, eru lítilsvirtar. Dæmi um þetta má finna í laginu „Beygla“. Þar segir: „Mamma þín hlýtur að vera að kú eða belja fyrst hún segir bara mú til að selja sig,“<sup>63</sup> en XXX Rotweiler hundar gera leggja sig í líma við að lítilsvirða mæður andstæðinga sinna. Í laginu er systir andstæðings einnig lítilsvirt: „því þú munt gleypa við rímum mínum eins og systir þín gleypti mína líkamsvessa“ og kærasta andstæðingsins sömuleiðis: „þá er það gellan þín sem viðheldur þessari standpínu“. Aftur kemur upp lítilsvirðing á systur andstæðingsins í laginu XXX en þar segist einn XXX Rottweiler hunda ætla að „gleðja systur þína með sæðisdropa á kinn“.<sup>64</sup>

<sup>61</sup> XXX Rottweiler hundar, „Þér er ekki boðið“.

<sup>62</sup> Hávar Sigurjónsson, „Konur voru skiptimynt í viðskiptum karla – Óttar Guðmundsson geðlæknir og rithöfundur skrifar um kynlíf í Íslendingasögum“.

<sup>63</sup> XXX Rottweiler hundar, „Beygla“.

<sup>64</sup> Sama heimild.

Kynferðisofbeldi er gjarnan í hávegum haft í lögum XXX Rottweiler hunda. Þá segir Blaz Roca í laginu Beygla: „fæ gellurnar til að góla með notkun allra hugsanlegra tóla“, og sömuleiðis segir Rottweiler hundurinn Bent: „svo lengi í þessum leik ég nauðgaði ömmu þinni í landmannalaugunum“ en þar fléttast saman hugmyndin um konur sem eign karlmanna, kynferðisofbeldi og sjálfsupphafning í einni línu. Bent gerir þar tilraun til þess að undirstrika það að hann hafi verið lengi í rappi, sem reyndar er ekki satt enda lagið gefið út ári eftir að rapp XXX Rottweiler hunda fór að heyrast fyrir alvöru, með því að tengja sitt upphaf innan rappsennunnar við misnotkun á eldri konu. Í laginu XXX segir: „Gef þér bland í poka af lekanda og klamedíu, gemmér tíu pánda píu, á mér sikk fantasíu. Leðuról, vaselín, éta skít í svínastíu,“<sup>65</sup> en þar er augljóslega verið að vísa til harkalegs kynlífs.

Drusluskömmun er hugtak sem hefur komist mikið á flug á síðustu árum í tengslum við kvenfrelsisbyltingar. Það er þegar lítið er gert úr konum vegna fjölda bólfélaga, klæðnaðar eða miklum áhuga á kynlífi.<sup>66</sup> Drusluskömmun kemur fyrir í textum XXX Rottweiler hunda, þá sérstaklega í fyrrnefndu lagi „Beygla“. Þar fer einn meðlima sveitarinnar, Seppi, með eftirfarandi texta:

Búin að setja á sig orðstír af kynmökum kallaðu það frægð bara.  
Það er ekki eins og ég þekki hana,  
það er ekki mitt að dæm'ana  
en ágiskun mín er að hnúastærð hvers manns myndi sökkva inn á milli  
kynfæranna.  
Svo virðið sjálf ykkur gerið mér þann greiða það yrði mér ekkert kærara.<sup>67</sup>

Í textanum gefur Seppi það í skyn að konur sem ákveði að eiga nokkra bólfélaga skorti sjálfsvirðingu.

Eins og áður segir hefur Blaz Roca, Erpur Eyvindarson, gjarnan haldið því fram að hann geri ekki mun á konum og körlum þegar hann semur texta og að sjálfur sé hann femínisti. Hann kallar sjálfan sig hóru í laginu „Sönn íslensk sakamál“, „Að ég sé hóra! Það , hah, það er ekkert nýtt, hvað heldurð' að mamma þín fái að ríða frítt?“<sup>68</sup> og síðar meir í sínu eigin lagi „Elskum þessar mellur“ kallar hann sjálfan sig og Emmsjé Gauta mellur og tekur fram að það sé „ekkert að því að vera mella“.<sup>69</sup>

<sup>65</sup> XXX Rottweiler hundar, „XXX“.

<sup>66</sup> „Drusluskömmun“, Sjúk ást.

<sup>67</sup> XXX Rottweiler hundar, „Beygla“.

<sup>68</sup> XXX Rottweiler hundar, „Sönn íslensk sakamál“.

<sup>69</sup> Blaz Roca og Emmsjé Gauti, „Elskum þessar mellur“.

Erpur hefur gefið út fjöldann allan af lögum og hefur gjarnan verið gagnrýndur fyrir orðræðu sína um konur en hefur varið sig með kjafti og klóm í þeirri umræðu. Til dæmis skrifaði hann pistilinn „Að fá granítharðan Imma Ananas í hárugan bílskúrinn“ árið 2012 sem vakti mikla athygli á sínum tíma. Þar segir Erpur að lagið „Elskum þessar mellur“ hafi verið skrifað til þess að „hampa kynfrelsi fólks óháð kyni,“ og með því að íslenskir rapparar kalli hvern annan mellur séu þeir að „drepa tabú“. Hann undirstrikar það síðan að hann geri engan mun á fólki eftir kyni, rétt eins og í laginu „Þér er ekki boðið“. „Innihaldið verður ekki niðrandi þótt setningin innihaldi skítug orð og ef svo er, þá niðra ég alla jafnt.“<sup>70</sup> Erpur tekur í pistli sínum í raun undir orð Kubrin og Weitser um það að rappið verði til í samhengi við þjóðfélagið sem það þrífst innan og segir:

Er það ekki líka mest truflandi að sú mynd sem ég dreg upp er raunveruleg? Ég segi ekkert að svona eigi það að vera, en svona er það. Spurðu mig í alvöru hvernig mér finnst að hlutirnir eigi að vera og hverju ég berst fyrir. Þá færðu alvöru svar sem er algjörlega í samræmi við mínar lífsskoðanir, blanda af anarkisma, lýðræði, marxisma, feminisma, umhverfisvernd, friðarhugsjón og alþjóðahyggju. En spurðu mig hvernig hlutirnir eru í eftirpartýum, klúbbum, beddanum og flöskunni og ég bendi þér á umdeildustu textana mína.<sup>71</sup>

Þrátt fyrir þessi háfleygu orð Erps verður ekki litið fram hjá mjög kynjaðri orðræðu í lögum hans og kollega hans í XXX Rottweiler hundum. Þrátt fyrir að Erpur haldi því fram að lagið „Elskum þessar mellur“ sé skrifað til þess að hampa kynfrelsi þá er niðrandi orðræða um konur það sem heldur textanum uppi.

Skinkur nýfallnar og volgar úr Byrginu  
Mella er mín kapella  
Hnakka slut  
Sem pakkar skott<sup>72</sup>

Ofangreint dæmi úr laginu krefst skilnings á slangri rappheimsins. „Skinka“ er hugtak sem gjarnan er tengt við yfirborðskennda stúlku sem velur að nota mikinn andlitsfarða og einblínir á útlitið. Byrgið var kristilegt meðferðarheimili með dökka sögu en forstöðumaður þess beitti vistmenn kynferðisofbeldi.<sup>73</sup> „Nýfallnar skinkur, volgar úr Byrginu“ eru þannig óöruggar, yfirborðskenndar stúlkur sem eru aftur farnar að leita í vímugjafa eftir að hafa verið inni á meðferðarheimili þar sem hugsanlega var brotið á

<sup>70</sup> Erpur Eyvindarson, „Að fá granítharðan Imma Ananas í hárugan bílskúrinn“.

<sup>71</sup> Sama heimild.

<sup>72</sup> Blaz Roca og Emmsjé Gauti, „Elskum þessar mellur“.

<sup>73</sup> „Guðmundur í Byrginu í þriggja ára fangelsi“.



þeim. Að „hnaakka“ er slangur yfir það að stunda kynlíf með konu aftan frá og að „pakka skott“ er það að vera með stóran afturenda.<sup>74</sup> Úr þessum línnum má því lesa að textahöfundur vilji sjá konur sem hugsa mikið um útlitið, eru brotnar og óöruggar. Í laginu er ekki rætt mikið um það hvað þessar „mellur“, þ.e. konur sem Blaz Roca og Emmsjé Gauti segjast vilja í laginu, vilji heldur einungis að rappararnir tveir vilji mellur og því má setja spurningarmerki við það að lagið snúist um kynfrelsi allra kynja. Leiða má líkur að því að lagið snúist um það að fleiri konur ættu að vera „auðveldar stelpur“, eins og rappararnir segja í laginu, svo kynfrelsi karlmannna geti verið meira.

#### 4 Birtingarmyndir kvenna í seinni rappbylgju

Seinni rappbylgjan er strax orðin langlífari en hin fyrri enda sér vart fyrir endann á sívaxandi vinsældum rapptónlistar á Íslandi. Bylgjan hófst, eins og áður segir, árið 2015 þegar efni ýmissa rappara náði nýjum vinsældarhæðum og má þar nefna Gísla Pálma, rappdúettinn Úlf Úlf og Reykjavíkurdætur.<sup>75</sup> Vert er þó að minnast á að margir rapparanna sem sagðir eru hafa náð miklum vinsældum 2015 höfðu þá rapað í lengri tíma en þeir röppuðu þá inni í lægðinni og vöktu ekki jafn mikla athygli. Aragrúi rappara steig fram eftir að vinsældir rappsins jukust á nýjan leik og samkvæmt Arnari Frey Frostasyni, öðrum af tveimur meðlimum Úlfs Úlfs, skapar hver og einn rappari einstaka tónlist.

Þegar tónlistarstefnan komst í tísku jókst framboðið rosalega mikið. Mér finnst það bara vera jákvætt, því meira framboð, því betur þarftu að standa þig til þess að skara fram úr. [...] Margir rapparar á Íslandi hafa einhverja sérstöðu, engir tveir hljóma eins. [...] Það er svo mikil áhersla á að vera ekki eins og hinir og það er gott. Þetta er ekki eins og ameríska senan þar sem það er eitthvert eitt heitt lag í gangi og næsta árið eru menn að reyna að endurskapa þetta lag. Það er ekki þannig á Íslandi.<sup>76</sup>

Þeir rapparar sem hljóta þó að skera sig hvað mest úr, hvað varðar textasmíð, framkomu og auðvitað kynferði eru Reykjavíkurdætur. Í þessum kafla verður textasmíð þeirra og annarra íslenskra kvenrappara í forgrunni. Hugað verður að birtingarmyndum kvenna í textum þeirra og hvernig þær taka karlahefð og gera hana að sinni.

<sup>74</sup> Byggt á greiningu Önnu Marsibil Clausen, „*Við elskum þessar mellur*“: *Kyn og vald í íslensku rappi*, 21.

<sup>75</sup> Anna Guðjónsdóttir, „Rapp? Ég hætti að hlusta á þessa músík í 8. bekk“, 6.

<sup>76</sup> Ragnhildur Þrastardóttir, „Málar myndir með rapptónlist“, 33.

## 4.1 Að „snúa þessu við“

Lag Þórdísar Nadiu Semichat, „Passaðu þig“, kom út rúmu ári áður en Reykjavíkurdætur stigu fram, eða árið 2012, og vakti það mikla, aðallega neikvæða, athygli. Í myndbandi við lagið er karlmaður hlutgerður og Þórdís sést teyma hann um með grímu yfir andlitinu. Myndbandið vísar þannig beinlínis til textans sem byggir á því að snúa rappsennunni við. Þórdís sagðist hafa ákveðið að gera lagið eftir að henni ofbauð textasmíð karlkyns rappara um konur.<sup>77</sup>

Strax í fyrstu línu „Passaðu þig“ leggur Þórdís Nadia, sem gengur undir rappnafninu Nadia, línurnar. Þar segir: „Alvia og Nadia ekki lengur á standby“<sup>78</sup>, og á Nadia þar við að kvenkyns rapparar ætli ekki að bíða lengur heldur séu þær tilbúnar að láta til skara skriða.<sup>79</sup> Nadia stimplar sig reglulega vel inn í þjáningarskilyrðið strax í upphafi lags, ekki bara vegna þess að hún er kona heldur einnig af þeim sökum að hún tilheyrir öðrum jaðarsettum hópi, Íslendingum af erlendum uppruna, en lagið hefst á línunni: „Frá Reykjavík til Túnis alveg fram að Úrugvæ, Alvia og Nadia ekki lengur á standby“. Þannig vísar Nadia í upprunann til þess að sýna fram á að hún sé ekta. Þremur árum eftir að lagið kom út tjáði Nadia sig um fordóma á Íslandi gagnvart fólki af erlendum uppruna og vakti frásögn hennar mikla athygli.<sup>80</sup>

Með laginu gerir Nadia heiðarlega tilraun til þess að skapa rapplag sem felur í sér uppreisn gegn hefð kvenhaturs í rappi. Tilraunin byrjar vel og Þórdísi virðist ætla að takast það að búa til gott rapplag sem er ekki níðvísa. Í byrjun lagsins segist hún „fagna margbreytileikanum og gagnrýnum hugsunum“<sup>81</sup> en síðan fer að halla undan fæti. Í laginu endurtekur Þórdís það mörgum sinnum að hún ætli að „snúa þessu við“ en þar á hún eflaust við rappsennuna. Ef einhver heldur að Nadia sé komin til þess að vinna að betrubótum og hampa konum þá kemur fljótlega í ljós að það er ekki endilega það sem hún á við með því að ætla að „snúa þessu við“. Í „Passaðu þig“ er vissulega talsvert minna kvenhatur en í textum karlkyns kollega hennar en samt sem áður er að finna lítilsvirðingu í garð kvenna í litlum hluta textans, eins og Anna Marsibil Clausen bendir réttilega á í ritgerð sinni. Í umræddum hluta reynir Þórdís Nadia að gera lítið úr karlmönnum með því að segja að þeir sængi einungis hjá ungum stúlkum. „Tekur líkamsþyngd í bekk, mynd af

---

<sup>77</sup> Nadia ft. Alvia, „Passaðu þig“.

<sup>78</sup> Sama heimild.

<sup>79</sup> Alvia, fullu listamanns nafni Alvia Islandia, er í dag nokkuð þekktur kvenkyns rappari sem tekur stutt vers í lagi Nadiu.

<sup>80</sup> Ritsstjórn, „Sex sögur af hversdagslegum fordómum: Tengdó hélt að hún væri húshjálpin“.

<sup>81</sup> Nadia ft. Alvia, „Passaðu þig“.

Gillz uppi á vegg og ríður bara stelpum í níunda bekk“.<sup>82</sup> Anna Marsibil segir að það sem liggja ósagt á bak við línuna „ríður bara stelpum í níunda bekk“ sé ekki bara það að karlmennirnir misnoti sér stöðu sína gagnvart ungum stúlkum og geti ekki náð sér í þroskaðar konur. Línan gefur hún einnig til kynna að ungar stúlkur séu varnarlaus fórnarlömb eða kjánar „sem falla fyrir mönnum sem enginn annar vill og þannig er setningin á vissan hátt niðrandi fyrir þann hóp.“<sup>83</sup>

Tilraun Nadiu til að „snúa þessu við“ er þannig ekki að snúa kvenhatri yfir í kvenupphafningu, heldur að snúa kvenhatri yfir í karlhatur, en í laginu rappar hún um karlmenn eins og karlkyns kollegar hennar rappa gjarnan um konur. Sú birtingarmynd konunnar sem er hvað mest áberandi í lagi Nadiu er þó birtingarmynd Nadiu sjálfar. Þar er ný og fersk mynd konu í íslensku rappi, konu sem lætur ekki valta yfir sig, konu sem er tilbúin í að breyta karllægri senu í eitthvað allt annað. Myndbandið við lagið sýnir sterka konu sem hefur ekki áhuga á almenningssálitinu en karlmaðurinn sem hún hefur í bandi verður þó að áminningu um það að Þórdís Nadia hefur ekki hugsað sér að skapa nýja hefð, heldur einfaldlega að aðlaga karllæga hefð að konum.

Félagsfræðingurinn Kalle Berggren skrifaði grein um kvenkyns rappara í Svíþjóð árið 2014. Þar segir meðal annars að kvenkyns listamenn rísi gjarnan upp gegn hefðbundnum hugmyndum um kynin en endurskapi þau einnig að einhverju leyti. Berggren segir að hörku kvenkyns rappara ætti ekki einungis að taka sem femínískri ögrun heldur mætti horfa á hana sem aðlögun þeirra að hefð rappans og afleiðingu þeirra skilyrða sem rappsenan setur fyrir þau sem kjósa að taka þátt í henni. Berggren segir jafnframt að þverstæða sé fólgin í hörku kvenkyns rappara þar sem hipphoppsenan sé annars vegar „skilgreind sem karllægt svæði þar sem konur eru „hitt kynið“ og ofbeldi og árásarhneigð grasserar.“<sup>84</sup> Hins vegar bendir hann á að „þegar konur taka upp hefðir hipphoppsins búa þær til hörkulegar, ósveigjanlegar persónur og skapa stundum femínisma sem er meðvitaður um pólitík en stundum bara einfalt ofbeldi.“<sup>85</sup> Það sem setur karlmennsku í efsta sæti valdastiga hipphoppsins, ofbeldi og fyrirlitning á „hinu kyninu“, er einnig nákvæmlega það sem kvenkyns rapparar nýta sér til þess að bjóða

---

<sup>82</sup> Sama heimild.

<sup>83</sup> Anna Marsibil Clausen, „*Við elskum þessar mellur*“: *Kyn og vald í íslensku rappi*, 13.

<sup>84</sup> Berggren, „Hip hop feminism in Sweden: Intersectionality, feminist critique and female masculinity“, 245: „...the genre of hip hop is defined as a masculine space with norms of violence and aggression where women are cast as deviant.“

<sup>85</sup> Sama heimild, 245: „...when female rappers adopt some of these genre norms, they produce some of the hardest and most uncompromising female characters, sometimes offering a politically conscious feminism, sometimes just plain violence.“

ríkjandi karlmennsku byrginn. Því er hin „karlmannlega“ rödd ekki lengur nauðsynleg í hippoppi heldur einungis hluti af leiknum<sup>86</sup> og önnur kyn geta nýtt sér hana að vild.

Rappið er ekki eina karllæga svæðið í íslenskum skáldskap þar sem konur hafa „snúið þessu við“. Skáldið Júlíana Jónsdóttir gaf fyrst íslenskra kvenna út ljóðabók héraendis en það var bókin *Stúlka* sem kom út 1876. Helga Kress skrifar um Júlíönu og aðrar borgfirskar skáldkonur í grein sinni „En eg er hér ef einhver til mín spyrdi“. Þar segir Helga að titill bókarinnar sýni að Júlíana átti sig á því að „hún er kona sem með bókinni er að biðjast inngöngu í langa bókmenntahefð karla.“ Titillinn vísar bæði í titil verksins *Piltur og stúlka* (1850) og ljóðabókar sem fékk titilinn *Snót* (1850).

„Stúlka“ Júlíönu er ekki nein upphafin skáldleg „snót“, heldur venjuleg kona, gott ef ekki vinnukona, og hún stendur ein, án pilts. Með þessum titli teflir Júlíana hversdagsleikanum gegn hefðinni og snýr henni á haus, en svipuð átök má sjá í skáldskap íslenskra kvenna bæði fyrir og síðar.<sup>87</sup>

Hið karllæga sjónarhorn hefur löngum hafið upp og framandgert hið náttúrulega og hið kvenlega og hefur það orðið til þess að í gegnum tíðina hafa konan og náttúran runnið saman í augum karlskáldsins.<sup>88</sup> Því hlýtur að hafa verið snúið fyrir konur að ganga inn í skáldskaparhefðina á sínum tíma, að ganga inn í tungumál sem gerði ráð fyrir því að þær og náttúran væru eitt. Þannig segir Sveinn Yngvi Egilsson um skáldkonuna Huldu að hún hafi sífellt átt það „á hættu að litið væri á hana sem eins konar framlengingu á náttúrunni og ekki sem fullgilt skáld.“<sup>89</sup> Hún gat sömuleiðis ekki samsamað sig hinni hefðbundnu ímynd skáldsins þar sem hún var kona, húsfreyja, eiginkona og móðir. Sú innri barátta er greinileg í mörgum ljóðum hennar.<sup>90</sup> Hulda varð því líka að taka sig til og „snúa þessu við“. Einar Benediktsson orti til hennar ljóðið „Til Huldu“, þar sem hann bendlar Huldu við náttúruna og kallar hana dalarós og gróður. Hulda snýr myndmáli Einars við í ljóði sínu „Segðu engum sorgir mínar“ með því að halda í líkingu Einars sem snýr að því að líkja mannlegri tjáningu við vöxt í náttúrunni „en munurinn er sá að hún sjálf er ekki gróður og tjáningin er þunglyndisleg“.<sup>91</sup>

---

<sup>86</sup> Sama heimild, 245.

<sup>87</sup> Helga Kress, „En eg er hér ef einhver til mín spyrdi: Borgfirskar skáldkonur í íslenskri bókmenntahefð“, 9.

<sup>88</sup> Sigríður Egilsdóttir, *Skáldskapurinn í náttúrunni: Birtingarmyndir náttúrunnar í nokkrum skáldsögum Halldórs Laxness*, 4.

<sup>89</sup> Sveinn Yngvi Egilsson, „Náttúra Huldu“, 91.

<sup>90</sup> Sama heimild, 92.

<sup>91</sup> Sama heimild, 100.

## 4.2 Birtingarmyndir dætranna

Í kynningu á Reykjavíkurdætrum fyrir tónlistarhátíðina Sónar segir að þeirra markmið sé að berjast gegn íhaldssömum og kvenfjandsamlegum öflum í nútímasamfélagi.<sup>92</sup> Sveitin gaf fyrst út lag í lok árs 2013 og var það samnefnt hljómsveitinni. Í laginu taka meðlimir sveitarinnar það strax fram að þær séu engar kislóður, en konum og kynfærum þeirra er gjarnan líkt við kattardýr í íslensku rappi,<sup>93</sup> með því að taka þessa þekktu líkingu, nýta sér hana og setja á hærra plan og kalla sig ljónynjur: „Við erum ljónynjur forynjanna, Reykjavíkurdætur [...] Við eigum þessa borg, heyrið ljónynjuorg“.<sup>94</sup>

Í laginu leggja Reykjavíkurdætur mikla áherslu á að þær séu konur og taka það þannig skýrt fram að þær uppfylli þjáningarskilyrði rappheimsins sem hefur þó ekki verið gert neitt sérstaklega hátt undir höfði hérlendis. Þær segjast vera „rappkonukvendi“, að enginn leggi í „okkar kvennmannskvæði“<sup>95</sup> og femínískar tilvísanir eru augljósar.

Þrátt fyrir að Reykjavíkurdætur hafi breyst mikið síðan samnefnt lag þeirra kom út fyrir rúmum fimm árum síðan þá lögðu þær línurnar strax í upphafi og hafa haldið sig við textagerð með svipuðum minnum æ síðan. Þær ganga inn í karlahefð, tileinka sér hörkuna sem felst í rappi en afneita lítilsvirðingum. Ólíkt Nadiu og íslenskum karlkyns röppurum þá upphefja Reykjavíkurdætur sig almennt ekki með því að niðurlægja hitt kynið eða kynsystur sínar. Þær hafa aðlagð rappið að sínum veruleika, veruleika kvenna með ýmsum hætti, til dæmis með því að nota blæðingar í myndmáli. Tveir meðlimir Reykjavíkurdætra, þær Salka og Jóhanna, líkja flæði rapps sveitarinnar þannig við blæðingar: „Flæðið berst eins og blóð í bindi“.<sup>96</sup> Þuríður Blær notar túrtappa til þess að tákna tíð makaskipti, „Skipti um gæja eins og túrtappa, ég á sjö kærasta“<sup>97</sup> og Salka Valsdóttir notar tíðir í tvennum skilningi til þess að tákna tíðar ferðir til bólfélaga: „því ég er svo tíð á þínu laki að ég er eins og túrblettur“.<sup>98</sup>

Þó er vert að nefna að XXX Rottweiler hundar notuðu einnig blæðingar sem myndmál í laginu „Beygla“ en í textanum segir: „rímur mínar eru safaríkari en blóðugt dömubindi“.<sup>99</sup> Reykjavíkurdætur voru því ekki fyrstar til þess að nota blæðingar í myndmál hérlendis en myndmálið er engu að síður tengt konum sterkum böndum.

---

<sup>92</sup> „21st century rebels“.

<sup>93</sup> Til dæmis í lagi Emmsjé Gauta sem rætt var um hér að ofan.

<sup>94</sup> Reykjavíkurdætur, „Reykjavíkurdætur“.

<sup>95</sup> Sama heimild.

<sup>96</sup> Sama heimild.

<sup>97</sup> Reykjavíkurdætur, „Ógeðsleg“.

<sup>98</sup> Sama heimild.

<sup>99</sup> XXX Rottweiler hundar, „Beygla“.

Margt hefur gerst h rlendis   jafnr ttisbar ttu kvenna s đan rappiđ kom til landsins um aldam t.   s đasta  ratug m  nefna þrjár st rar byltingar   kvenfrelism lum: Druslug nguna, Brj stabyltinguna og Me Too. Fleiri byltingar eins og til d mis Karlmenntan hafa einnig  tt mikinn þ tt   aukinni umr đu um jafnr tti kynjanna en þ r verđa ekki til r ddar h r.   textum Reykjav kurd tra eru v sanir   Brj stabyltinguna en s rstaklega eru auglj sar v sanir þeirra   Druslug nguna.

Druslugangan er alþj đleg ganga sem gengin er til þess   s na samst đu međ þolendum kynferđisofbeldis. H n hefur fariđ fram h rlendis fr   rinu 2011 en  riđ 2014 g fu Reykjav kurd tur  t lagiđ „D.R.U.S.L.A“ þremur d gum fyrir Druslug nguna þađ  riđ. Slagorđiđ „ g er drusla“ hefur orđiđ mj g sterkt    lenskri umr đu og f lk af  llum kynjum og    llum aldri hefur breytt pr f lmyndinni sinni   Facebook þannig   þar standi „ g er drusla“. Margir hafa velt fyrir s r hvers vegna f lki þyki nauđsynlegt   stimpla sig sem druslur en  st đan er s    þađ þykir valdeflandi   nota orđ sem  đur hafa veriđ niđrandi og gangast viđ þeim. Þannig segir leikkonan Mar a Guđmundsd ttir    rsk ringu   s đu Druslug ngunnar: „Međ því   kalla okkur druslur t kum viđ druslustimpilinn  r h ndum þeirra sem nota hann til þess   afsaka ofbeldi“.<sup>100</sup> Þetta gera Reykjav kurd tur einmitt   laginu D.R.U.S.L.A og gagnr na  lenska r ttarkerfiđ um leiđ.

Drusla þarf   slugsa   misr tti er talin rusl af almenningi  
Þv   g er drusla, f  usss fr  H star tti s  sem myndi sussa   feđraveldi  
Þv   g er, drusla, veld usla af sj lfs ryggi rugluđ druslutussa, skilur ekki?  
Þv   g er drusla, er't  hlusta? Þv  þ  veist ekki   druslur hugs' um  
mannr ttindi<sup>101</sup>

Druslugangan varđ til   Kanada  riđ 2011   kj lfar þess   l greglumađur sagđi   fyrirlestri   sk la   st lkur  ttu   vara sig   því   kl đa sig eins og druslur því annars yrđi þeim nauđgađ. Þr tt fyrir   hans  tlun hafi l klega veriđ   forđa st lkum fr  því   lenda   ofbeldi þ  var hann samt mis   varpa  byrgđinni af gerendum og yfir   þolendur. Margir voru  s ttir viđ þađ og  kv đu   efna til g ngu sem veki athygli   því   f lk v ri ekki   „biđja um“ kynferđisofbeldi međ kl đnađi s num eđa atferli.<sup>102</sup> Þetta tiltekna m lefni sem druslugangan vekur athygli   er einmitt þađ sem Reykjav kurd tur takast   viđ   s num textum, s rstaklega   laginu „D.R.U.S.L.A.“.

<sup>100</sup> Mar a Guđmundsd ttir, „Af hverju Drusla?“.

<sup>101</sup> Reykjav kurd tur, „D.R.U.S.L.A.“.

<sup>102</sup> Mendes, *Slutwalk: Feminism, Activism and Media*, 1.

Of sæt, of full, of ein of seint of tilíða  
Ekki skylt'að hlýða, konur segja sjálfar komdu ef þær vilja ríða  
Annars þarft'að bíða<sup>103</sup>

Reykjavíkurdætur benda einnig á það að í raun skipti ekki málii hvernig konur séu klæddar. Þær geti orðið fyrir kynferðisofbeldi hvar sem er, hvernig sem þær klæða sig og hvernig sem þær haga sér. Í því samhengi segir í texta „D.R.U.S.L.A“: „Skömm skömm skömm, hún var svikin því hún fór í búrku blautbol eða bikini“.<sup>104</sup> Myndbandið við lagið undirstrikar þetta. Röppurunum þremur sem taka þátt í laginu er stillt upp á ólíkan hátt. Ein þeirra er virðuleg kona, önnur sjúskuð stúlka í tjaldi og sú þriðja situr inni í barnaherbergi og lítur út fyrir að vera á barnsaldri.<sup>105</sup>

Texti og myndband lagsins „D.R.U.S.L.A“ birta því ekki eina ákveðna mynd af kynferðisofbeldi heldur bendir texti og myndband lagsins á að kynferðisofbeldi þrífst alls staðar í samfélaginu. Textinn er ádeila á íslenskt samfélag og á það hvernig þolendur kynferðisofbeldis, sem oftast eru konur, fá sjaldan að njóta vafans þegar kemur að dómum í kynferðisbrotamálum.

Ein af fjórum í okkar heimsveldi  
Verður fyrir kynferðislegu ofbeldi  
Er það út af lélegu barnauppeldi?  
Eða Hæstarétti sem stöðugt felldi  
Þessar ákætur  
Kallar þær smáskrámur  
Málflutningur dræmur  
Og þar af leiðir ekki saknæmur<sup>106</sup>

Lagið „Ógeðsleg“, sem Reykjavíkurdætur gáfu út árið 2016, er ekki jafn smekkkfullt af ádeilu og „D.R.U.S.L.A“ en þar gerir harka rappsins enn frekar vart við sig. Í grein um Reykjavíkurdætur sem Anna Marsibil Clausen skrifaði fyrir *mbl.is* segir hún að lagið hafi markað skil í sögu Reykjavíkurdætra. Það sé vegna þess að þangað til hafi Reykjavíkurdætur ekki kosið að níða aðra til þess að upphefja sig sjálfar en í laginu „Ógeðsleg“ hafi þær gefið andstæðingum sínum löngutöng.<sup>107</sup> Líkt og fram kom í fyrsta kafla ritgerðarinnar þá höfðu Reykjavíkurdætur mætt mikilli mótstöðu og það er eins og þær hafi viljað svara þeirri mótstöðu með „Ógeðsleg“. Þrátt fyrir staðhæfingar Önnu er

<sup>103</sup> Reykjavíkurdætur, „D.R.U.S.L.A“.

<sup>104</sup> Sama heimild.

<sup>105</sup> Sama heimild.

<sup>106</sup> Sama heimild.

<sup>107</sup> Anna Marsibil Clausen, „Ekki þínar dætur“.

erfitt að segja að níð sveitarinnar sé jafn gróft og þekkt í öðrum rapptextum. Dæmi um níð í textanum er þegar Reykjavíkurdætur segja sig betri en gamla rappsveit sem kallaði sig Þriðju hæðina: „Rappar á þriðju hæð, haha. Ég er á fjórðu“ og það sem helst stingur út sem niðrandi orðræða um karlmenn er þegar rætt er um „fuckboys“ en það er orð lýsir karlmanni sem fer illa með kvenfólk.<sup>108</sup>

Þrátt fyrir staðhæfingar um níð Reykjavíkurdætra í „Ógeðsleg“ þá er sjálfupphafning og valdefling meira áberandi en umrætt níð. Þannig er vísun í Brjóstabyltinguna í laginu, sem er einnig þekkt sem „frelsun geirvörtunnar“ (e. *Free the nipple*), en tilgangur hennar var og er að berjast gegn því að brjóst kvenna væru tengd við eitthvað kynferðislegt.<sup>109</sup> Í laginu segir „Two nipples up and don't give a fuck“<sup>110</sup> en jafnframt er smágerðum brjóstum fagnað með línunni: „Ég owna þetta itty bitty titty committy, no pity!“<sup>111</sup> Sú lína er einnig dæmi um það hvernig Reykjavíkurdætur gangast við neikvæðum orðum sem sögð hafa verið um konur í gegnum tíðina og gera þau þannig valdeflandi. „Itty bitty titty committy,“ er nokkurs konar skammaryrði fyrir stúlkur sem eru með lítil brjóst.<sup>112</sup> Einnig kallar ein rappkvinnanna sig femínistanasista til þess að undirstrika hörku sína en ýmsir hafa tengt femínisma og nasisma saman, þá sérstaklega í athugasemdakerfum fréttasíðna þó nýyrðið femínasisti (e. *feminazi*), kona sem hatar karlmenn,<sup>113</sup> hafi ekki náð miklu flugi hérlendis.

## 5 Samanburður á fyrri og seinni rappbylgju

„Ef ég væri kona væri ég rauðsokka, því ég myndi aldrei nenna að plokka píkuhár,“<sup>114</sup> rappaði Blaz Roca eftirminnilega í laginu „Sönn íslensk sakamál“. Því verður ekki neitað að í lögum Rottweiler hundanna er að finna femínísk minni, eins og Blaz hefur síendurtekið reynt að benda á. Eins og áður kom fram notaði rappsveitin „blóðugt dömubindi“<sup>115</sup> sem myndlíkingu en umræða um blæðingar hefur lengi verið bannhelg og því athyglisvert að XXX Rottweiler hundar skildu taka upp á svo nýstárlegu og femínísku myndmáli árið 2001.

---

<sup>108</sup> Mediocre mind, „Fuckboy“.

<sup>109</sup> „Brjóstabyltingin í myndum“.

<sup>110</sup> Reykjavíkurdætur, „Ógeðsleg“.

<sup>111</sup> Sama heimild.

<sup>112</sup> stef, „Itty Bitty Titty Committee“.

<sup>113</sup> ThatOtherOneKid, „feminazi“.

<sup>114</sup> XXX Rottweiler hundar, „Sönn íslensk sakamál“.

<sup>115</sup> XXX Rottweiler hundar, „Beygla“.



XXX Rottweiler hundar höfðu þó ekki færi á að tjá veruleika kvenna, eins og Blaz Roca segir í viðtali árið 2002: „Þetta er bara eins og Kvinnalistinn, það er enginn sem „presenterar“ konur betur en konur. Svo í staðinn fyrir að við gaurarnir séum að rembast eitthvað við það þá látum við bara stelpur um það. Þær eru hvort sem er fagmenn í því að vera konur.“<sup>116</sup> Konur þurftu þó að bíða nokkuð lengi þar til kvenkyns rapparar tóku sig til og röppuðu um veruleika kvenna. Það gerðist árið 2013 þegar Reykjavíkurdætur stigu fram, hituðu upp fyrir og tóku svo fullan þátt í seinni rappbylgjunni sem skall á landanum árið 2015. Það er auðvelt að líta á textasmíð XXX Rottweiler hunda annars vegar og Reykjavíkurdætra hins vegar og álykta að rappsenan sé búin að breytast mikið, veruleiki kvenna sé orðinn að aðalatriði og kvenhatri hafi verið útrýmt í íslensku rappi, í takt við aukið kvenfrelsi hérlendis. Því fer þó fjarri að svo sé.

Þrátt fyrir að með tilkomu Reykjavíkurdætra og fleiri kvenkyns rappara hafi rappflóran orðið mun fjölbreyttari og fleiri sjónarmið séu komin inn í íslenskan rappveruleika þá gerir kvenhatur samt sem áður vart við sig í ýmsum íslenskum rapptextum. Fólk er þó óhrætt við að láta í sér heyra þegar textar fullir af kvenhatri eru gefnir út og rapparar sem gefa slíkt út sjá jafnvel að sér. Þannig vakti Instagram aðgangurinn *coke.hore* athygli á kvenhatri í textum rapparans Króla<sup>117</sup> en í lögum hans hafa eftirfarandi línur komið fyrir: „Skal alveg barna þig þó ég hati litla krakka“, „tek mömmu þína eins og Ritzkex, alltaf þurra“, „tussur að vestan, já, þær eru svangar“. Lögin þar sem þessar línur fyrirfinnast eru öll nýleg, eða frá árinu 2017. *Coke.hore* setti línurnar fram ásamt mynd af Króla og helsta félagi hans í rappinu, JóaPé, undir yfirskriftinni: „Krútttýpur“.<sup>118</sup> Þeir hafa verið sagðir fyrirmyndir fyrir ungu kynslóðina<sup>119</sup> en ummæli af því tagi heyrast sjaldan um aðra rappara. Króli virðist hafa tekið gagnrýni *coke.hore* nærri sér og ákvað að svara fyrir sig á samfélagsmiðlinum Twitter.

Rauðhærði krakkinn fyrir 2 árum sem var að blasta Eminem í hettupeysu þegar hann var að byrja að skrifa sína fyrstu texta þekkti ekkert annað rapp en karlmenn að upphefja ofbeldi, Toxic karlmennsku og hlutgera konur. Ég áttaði mig á þessu því miður of seint.<sup>120</sup>

<sup>116</sup> Helga Baldvinsdóttir, „XXX Rauðsokka“, 37.

<sup>117</sup> *coke.hore*, „Krútttýpur“.

<sup>118</sup> Sama heimild.

<sup>119</sup> „JóiPé X Króli“.

<sup>120</sup> @Kiddioli.

Við þetta bætir Króli að hann sé nánast hættur að fara með fyrrnefndar línur á tónleikum og hafi endurskoðað sína textasmíð vandlega.<sup>121</sup> Textasmíð og viðbrögð Króla í kjölfar gagnrýnninnar renna stöðum undir kenningar Kubrin og Weitser um það að rappið verði til í samhengi við þjóðfélagið sem það þrífst í en einnig í tengslum við rapphefðina. Króli var innblásinn af eldri röppurum<sup>122</sup> þegar hann fór að semja texta sína og tók þemu úr rapphefðinni, þar á meðal þema kvenhaturs. Svo færir hann íslensku samfélagi, sem er búið að taka stakkaskiptum í jafnréttismálum, texta sem henta því ekki lengur og samfélagið bregst við með því að benda á tímaskekkjuna. Króli lifir innan samfélags sem hefur afneitað kvenhatri að mestu en skrifar innan rapphefðar sem samþykkir kvenhatur og lendir því í togstreitu.

XXX Rottweiler hundar voru vissulega gagnrýndir fyrir kvenhatur á sínum tíma en þeir afsökuðu sig ekki. Einu tilburðir þeirra til þess að réttlæta kvenhatrið var orðræða Erps um að hann væri femínisti. Þeir neituðu því í raun ítrekað að kvenhatur myndist í textum þeirra þrátt fyrir að kvenhatrið væri augljóst. Aðrir kjósa að segja ekkert eins og rappararnir sem gáfu út lagið O.M.G árið 2018 og hlutu mikla gagnrýni fyrir að hlutgera konur. Í texta lagsins segir:

Ómægad, ómægad, ómægad,  
hún er með rass sem er nóg til af  
ég ætla að snúa henni við,  
láta hana segja ómægad  
þessi bad gella ómægad,  
já, ég ætla að sjá hana,  
sama hvort ég fer út,  
hún fer alltaf fokking úr<sup>123</sup>

Í laginu eru konur ítrekað kallaðar „bitches“ eða tíkur eins og það hljómar á íslensku. Mikið grín var gert að textanum og sagði einn Twitter notandi til dæmis að textinn væri í hnotskurn eitthvað á þessa leið: „ómægad gellur eru heitar ómægad bitches þekkjja mig ómægad er alltaf að ríða þeim ómægad konur eru hlutir ómægad“.<sup>124</sup> Ljóðskáldið og fyrrum rapparinn Kött Grá Þjé kastaði því fram í kjölfar útgáfu lagsins hvort ekki væri komið nóg af rappi þar sem í því ríktu „staðalímyndir, gömul samfélagsmein og bull.“<sup>125</sup>

---

<sup>121</sup> Sama heimild.

<sup>122</sup> Til dæmis var Króli innblásinn af Dabba T eins og Króli segir í viðtali við SKE: RTH, „,,Tvö saklaus fiðrildi sem stefna á tunglið.“ – JóiPé og Króli“.

<sup>123</sup> Floni, „O.M.G“.

<sup>124</sup> @MargretAdalh.

<sup>125</sup> @KottGraPje.

Ísland er því ekki femínísk útópía, a.m.k. ekki hvað rappheiminn varðar. Kvenhatur er enn að finna í ýmsum rapplögum en konur eru líka farnar að rappa og því fá viðhorf og veruleiki þeirra að hljóma innan rappsennunnar. Kvenhatrið er þó svo sterkt minni í rappi að það læðir sér jafnvel inn í texta kvenkyns rappara, eins og sýnt var fram á með textagreiningu á laginu „Passaðu þig“. Þrátt fyrir að vinna gegn kvenhatri í íslensku rappi nota Reykjavíkurdætur orð eins og bitch,<sup>126</sup> motherfokker,<sup>127</sup> smápíkur,<sup>128</sup> og tík<sup>129</sup> sem öll hafa verið notuð til að lítillækka konur í rappi í gegnum tíðina. Orðin virðast þannig vera orðin svo stór hluti af íslenskri rappmenningu að það er jafnvel erfitt fyrir femíníska rappsveit að skilja sig frá þeim.

## 6 Niðurlag

Niðurstaðan er því sú að birtingarmyndir kvenna í íslensku rappi hafi ekki tekið stakkaskiptum í sjálfu sér frá því að íslenskt rapp kom fyrst fram um aldamótin. Þrátt fyrir það hafa fjölbreyttari raddir fengið að heyrast í seinni bylgju rappsins heldur en í hinni fyrri. Því hafa birtingarmyndir kvenna í íslenskri rapptónlist víkkað út og orðið ívið flóknari en áður. Konur eru enn hlutgerðar í rapptextum en þær birtast ekki einungis sem hlutir heldur einnig sem manneskjur. Eftir að konur stigu fram og byrjuðu að rappa á íslensku er veruleiki kvenna orðinn hluti af íslenskri rappsenu.

Þrátt fyrir að eyjan Ísland sé kennd við femíníska útópíu hafa konur átt erfiðara uppdráttar en karlmenn í íslenskri rappsenu og mætt meira mótlæti. Kvenfyrirlitning finnst enn í textum rappara og hlutgerving kvenna, eins og til dæmis í laginu „O.M.G“ sem gefið var út í fyrra. Rappið þrífst ekki í tómarúmi heldur verður það til í samhengi við þjóðfélagið sem það þrífst í og með íslenska rapptexta sem viðmið má setja spurningarmerki við það að miklu jafnrétti kynjanna hafi verið náð héraendis.

Jákvæðar birtingarmyndir kvenna í íslensku rappi koma aðallega frá kvenkyns röppurum og þá helst Reykjavíkurdætrum. Þær setja sjálfar sig fram sem sterkar konur sem láta ekki bjóða sér misrétti og gagnrýna samfélagið síendurtekið fyrir að vera fullt af kvenhatri, til dæmis í laginu „D.R.U.S.L.A“ þar sem Reykjavíkurdætur gagnrýna harðlega hvernig réttarkerfið tekur á kynferðisafbrotum en einnig samfélagið sem skapar réttarkerfið og leyfir kynferðisafbrotamönnum að leika lausum hala.

---

<sup>126</sup> Reykjavíkurdætur, „Ógeðsleg“.

<sup>127</sup> Sama heimild.

<sup>128</sup> Reykjavíkurdætur, „Reppa heiminn“.

<sup>129</sup> Reykjavíkurdætur, „Ógeðsleg“.

Skýr merki kvenfrelsisbyltinga er að finna í lögum Reykjavíkurdætra, þá helst merki Brjóstabyltingarinnar og Druslugöngunnar. Konur eru þannig þær sem taka hanskann upp fyrir sjálfar sig. Reykjavíkurdætur gera tilraun til þess að eyða kvenhatri úr textum karllægrar hefðar og hafa þær a.m.k. hluta samfélagsins með sér í liði. Það kemur til dæmis skýrt fram í því að samfélagið rís upp gegn kvenhatri í textum Króla sem sér að sér og biðst afsökunar.

Þrátt fyrir jákvæð teikn í íslensku kvennarappi má sjá leifar kvenhatus í lögum kvenkyns rappara. Í lagi Nadiu, „Passaðu þig“ gætir lítilsvirðingar í garð ungra stúlkna og í textum Reykjavíkurdætra leynast orð sem hafa verið notuð til að lítilsvirða konur. Þannig reynist kvenhatrið vera svo sterkt minni í rappi að það nær jafnvel að yfirvinna að einhverju leyti þá miklu sigra sem unnist hafa í jafnréttisbaráttunni héraendis.

## Heimildaskrá

### Fræðirit

Anna Guðjónsdóttir. „*Rapp? Ég hætti að hlusta á þessa músík í 8. bekk*“: Greinargerð um undirbúning og gerð útvarpsþáttaraðar um sögu rapptónlistar á Íslandi. Lokaverkefni til meistarafráðu í blaða- og fréttamennsku. Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, 2016.

Anna Marsibil Clausen. „*Við elskum þessar mellur*“: Kyn og vald í íslensku rappi. B.A.-ritgerð í almennri bókmenntafræði. Hugvísindasvið Háskóla Íslands, 2015.

Árni Matthíasson. „Tungan hárbeytt.“ *Lesbók Morgunblaðsins* (23. ágúst 2003): 8–10.

Berggren, Kalle. „Hip hop feminism in Sweden: Intersectionality, feminist critique and female masculinity.“ *European Journal of Women's Studies* 3, nr. 21 (2014): 233–250. DOI: 10.1177/1350506813518761.

Dominique Damant, Simon Lapierre, Anne Kouraga o.fl. „Taking Child Abuse and Mothering Into Account: Intersectional Feminism as an Alternative for the Study of Domestic Violence.“ *Affilia: Journal of Women and Social Work*, 2, nr. 23 (2008): 123–133.

Helga Baldvinsdóttir. „XXX Rauðsokka.“ *Vera*, 21, nr. 1 (2002): 34–37.

Helga Kress. „En eg er hér ef einhver til mín spyrði: Borgfirskar skáldkonur í íslenskrri bókmenntahefð.“ *Borgfirðingabók* (2006). Sótt 13.3.19 af <https://notendur.hi.is/helga/Borgfirskar%20sk%C3%A1ldkonur.pdf>.

Mccoy, Austin. „Rap Music.“ *Oxford Research Encyclopedia of American History* (2017). Sótt 17. febrúar 2018. DOI:10.1093/acrefore/9780199329175.013.287.

Mendes, Kaitlynn. *Slutwalk: Feminism, Activism and Media*. England: Palgrave Macmillan, 2015.

Ronald Weitzer og Charis E. Kubrin. „Mysogyny in Rap Music: A Content Analysis of Prevalence and Meanings.“ *Men and Masculinities*, 3, nr. 12 (2009). DOI: 10.1177/1097184X08327696.

Sigríður Egilsdóttir. *Skáldskapurinn í náttúrunni Birtingarmyndir náttúrunnar í nokkrum skáldsögum Halldórs Laxness*. Ritgerð til meistaraþrófs í íslenskum bókmenntum. Hugvísindasvið Háskóla Íslands, 2011.

Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir. „Annað skrefið: aðlögun rapps að íslenskri menningu.“ *Mímir* 45, nr. 51 (2007): 104–110.

Ragnhildur Þrastardóttir. „Málar myndir með rapptónlist.“ *Morgunblaðið* (25. september 2018): 33.

Sveinn Yngvi Egilsson. „Náttúra Huldu.“ *Ritið* 2, nr. 11 (2011): bls. 109–130.

Terri Adams og Douglas B. Fuller. „The Words Have Changed But the Ideology Remains the Same: Misogynistic Lyrics in Rap Music.“ *Journal of Black Studies* 6, nr. 36 (2006): 938–957. Sótt 17.2.19 af <https://www.jstor.org/stable/40034353>.

## Vefefni

„21st century rebels.“ *Sónar*. Sótt 13.3.19 af

<https://sonarreykjavik.com/en/2018/artists/reykjavikurdaetur>.

Anna Marsibil Clausen. „Ekki þínar dætur.“ *Mbl.is* (2016). Sótt 17.2.19 af

[https://www.mbl.is/folk/frettir/2016/03/01/ekki\\_thinar\\_daetur/](https://www.mbl.is/folk/frettir/2016/03/01/ekki_thinar_daetur/).

Arnar Eggert Thoroddsen. „Íslenskt hiphopp: skýrsla.“ *Morgunblaðið* (18. október 2008). Sótt 17.2.19 af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1250496/>.

Bryndís Silja Pálmadóttir. „Fjallað um „feminísku útópíuna“ Ísland í Ástralíu.“

*Fréttablaðið* (2018). Sótt 17.2.19 af <https://www.frettabladid.is/frettir/fjalla-um-feminsku-utopiuna-island-i-astraliu-2>.

„Brjóstabyltingin í myndum.“ *Mbl*. Sótt 14.3.19 af

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/03/26/brjostabyltingin\\_i\\_myndum/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/03/26/brjostabyltingin_i_myndum/).

Coke Hore. „Krútttýpur.“ *Instagram*. Sótt 14.3.19 af

<https://www.instagram.com/p/BqxGyvDAGG9/>.

„Drusluskömmun.“ *Sjúk ást*. Sótt 13.3.19 af

<https://www.sjukast.is/content/drusluskommun>.

Elías Þórsson. „The Fall and Rise of Dabbi T: From Rap to Drugs and Back Again.“

*The Reykjavík Grapevine*. Sótt 17.4.19 af

<https://grapevine.is/icelandicculture/music/2017/03/27/the-fall-and-rise-of-dabbi-t-from-rap-to-drugs-and-back-again/>.

@Emmsjé. *Twitter*. Sótt 17.2.19 af

[https://twitter.com/emmsjegauti/status/561357551531749376?ref\\_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E561357551531749376&ref\\_url=https%3A%2F%2Fwww](https://twitter.com/emmsjegauti/status/561357551531749376?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E561357551531749376&ref_url=https%3A%2F%2Fwww).

Erpur Eyvindarson. „Að fá granítharðan Imma Ananas í hárugan bílskúrinn.“ *Smugan* (2012). Sótt 13.3.19 af <http://smugan.is/2012/12/ad-fa-granithardan-imma-ananas-i-harugan-bilskurinn/>.

„Guðmundur í Byrginu í þriggja ára fangelsi.“ *Vísir*. Sótt 13.3.19 af <http://www.visir.is/g/200846101918>.

Hávar Sigurjónsson. „Konur voru skiptimynt í viðskiptum karla – Óttar Guðmundsson geðlæknir og rithöfundur skrifar um kynlíf í Íslendingasögunum.“ *Læknablaðið*. Sótt 13.3.19 af <https://www.laeknabladid.is/tolublod/2016/05/nr/5882>.

Kjartan Guðmundsson. „Rappar gegn kvenfyrirlitningu.“ *Vísir* (2012). Sótt 17.2.19 af <http://www.visir.is/g/2012705199947>.

@Kiddioli. *Twitter*. Sótt 14.3.19 af [https://twitter.com/Kiddioli/status/1068192430640562178/photo/1?ref\\_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1068192430640562178&ref\\_url=http%3A%2F%2Fwww.visir.is%2Fg%2F2018181128655](https://twitter.com/Kiddioli/status/1068192430640562178/photo/1?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1068192430640562178&ref_url=http%3A%2F%2Fwww.visir.is%2Fg%2F2018181128655).

Jóhann Óli Eiðsson. „Ágústu Evu ofbauð framkoma Reykjavíkurdætra.“ *Vísir* (2016). Sótt 17.2.19 af <http://www.visir.is/g/2016160228960>.

„JóiPé x Króli.“ *Midi.is*. Sótt 14.3.19 af [https://midi.frettabladid.is/atburdir/1/10439/JoiPe\\_x\\_Kroli](https://midi.frettabladid.is/atburdir/1/10439/JoiPe_x_Kroli).

@KottGraPje. *Twitter*. Sótt 14.3.19 af [https://twitter.com/KottGraPje/status/1023276135801651200?ref\\_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1023276135801651200&ref\\_url=https%3A%2F%2F](https://twitter.com/KottGraPje/status/1023276135801651200?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1023276135801651200&ref_url=https%3A%2F%2F)

Indiana Rós Ægisdóttir. „Mýtan um þröngu píkuna.“ *Nútíminn*. Sótt 17.4.19 af <https://www.nutiminn.is/mytan-um-throngu-pikuna/>.

@MargretAdalh. *Twitter*. Sótt 14.3.19 af



[https://twitter.com/MargretAdalh/status/1022611513931124736?ref\\_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1022611513931124736&ref\\_url=https%3A%2F%2F](https://twitter.com/MargretAdalh/status/1022611513931124736?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1022611513931124736&ref_url=https%3A%2F%2F).

María Guðmundsdóttir. „Af hverju Drusla?“ *Druslugangan*. Sótt 13.3.19 af <https://www.facebook.com/watch/?v=1057009224394175>.

Mediocremin. „Fuckboy.“ *Urban Dictionary*. Sótt 14.3.19 af <https://www.urbandictionary.com/define.php?term=fuckboy>.

„Nú verstu ummælin um Reykjavíkurdætur: „Það ætti að farga þessu órakaða rusli.““ *Nútíminn* (2015). Sótt 17.2.19 af <https://www.nutiminn.is/niu-verstu-ummaelin-umreykjavikurdaetur-thad-aetti-ad-farga-thessu-orakada-rusli/>.

Ritstjórn. „Sex sögur af hversdagslegum fordómum: Tengdó hélt að hún væri húshjálpin.“ *Stundin*. Sótt 13.3.19 af <https://stundin.is/frett/sex-sogur-af-hversdagslegum-fordomum-tengdo-helt-ad-hun-vaeri-hushjalpin/>.

RTH. „,„Tvö saklaus fíðrildi sem stefna á tunglið.“ – JóiPé og Króli.“ *Ske*. Sótt 17.4.19 af <http://ske.is/grein/tvo-saklaus-fidrildi-sem-stefna-a-tunglid-joipe-og-kroli>.

stef. „Itty Bitty Titty Committee.“ *Urban Dictionary*. Sótt 14.3.19 af <https://www.urbandictionary.com/define.php?term=Itty%20Bitty%20Titty%20Committee>.

Stefán Þór Hjartarson. „Cell7 er komin aftur.“ *Vísir* (2017). Sótt 17.2.19 af <http://www.visir.is/g/2017171009298>.

ThatOtherOneKid. „feminazi.“ *Urban Dictionary*. Sótt 14.3.19 af <https://www.urbandictionary.com/define.php?term=feminazi>.

## Tónlist

Blaz Roca og Emmsjé Gauti. „Elskum þessar mellur.“ *Velkomin til Kópacabana*. 2010.

Sótt 15.3.19 af <https://www.youtube.com/watch?v=IK53DYpqc0>.

Dabbi T. „Gremja.“ *Óheflað málfar*. Geisladiskur. 2008. Sótt 17.4 af

<https://www.youtube.com/watch?v=mAWUqu1i0kY>.

Dabbi T. „Þröngar þíkur.“ *Óheflað málfar*. Geisladiskur. 2008. Sótt 17.4 af

<https://www.youtube.com/watch?v=zxT3flhMUOs>.

Emmsjé Gauti. „Blikk blikk.“ *Bara ég*. Geisladiskur. Reykjavík: Geimsteinn, 2011. Sótt

15.3.19 af <https://www.youtube.com/watch?v=xN1KHqYVUqI>.

Floni, Birnir og Joey Christ. „O.M.G.“ *O.M.G.* Smáskífa. 2018. Sótt 15.3.19 af

<https://www.youtube.com/watch?v=iN3Tizsi8Is>.

Nadia. „Passaðu þig.“ *Passaðu þig*. Smáskífa. 2012. Sótt 15.3.19 af

[https://www.youtube.com/watch?v=JJY8o5\\_i8SM](https://www.youtube.com/watch?v=JJY8o5_i8SM).

Reykjavíkurdætur. „D.R.U.S.L.A.“ *D.R.U.S.L.A.* Smáskífa. 2014. Sótt 15.3.19 af

<https://www.youtube.com/watch?v=3DKO5rr1y9c>.

Reykjavíkurdætur. „Fanbois.“ *RVKDTR*. Geisladiskur. 2016. Sótt 17.4.19 af

<https://www.youtube.com/watch?v=RXm1EKe3pkU>.

Reykjavíkurdætur. „Ógeðsleg.“ *Ógeðsleg*. Smáskífa. 2015. Sótt 15.3.19 af

<https://www.youtube.com/watch?v=WoIkWEqeke0>.

Reykjavíkurdætur. „Reykjavíkurdætur.“ *Reykjavíkurdætur*. Smáskífa. 2013. Sótt

15.3.19 af <https://www.youtube.com/watch?v=wfFJjxmoq38>.

XXX Rottweiler hundar. „Beygla.“ *XXX Rottweiler hundar*. Geisladiskur. Reykjavík:

Dennis, 2000. Sótt 15.3.19 af

<https://www.youtube.com/watch?v=FDIqYaNnt2A>.

XXX Rottweiler hundar. „Gemmér.“ *Gemmér*. Smáskífa. 2008. Sótt 17.4.19 af  
<https://www.youtube.com/watch?v=7s9kzk1EjoQ>.

XXX Rottweiler hundar. „Sönn íslensk sakamál.“ *XXX Rottweiler hundar*.  
Geisladiskur. Reykjavík: Dennis, 2000. Sótt 15.3.19 af  
[https://www.youtube.com/watch?v=Me15CDI\\_Pnc](https://www.youtube.com/watch?v=Me15CDI_Pnc).

XXX Rottweiler hundar. „XXX.“ *XXX Rottweiler hundar*. Geisladiskur. Reykjavík:  
Dennis, 2000. Sótt 15.3.19 af  
<https://www.youtube.com/watch?v=DzLZhR0FiDw&t>.

XXX Rottweiler hundar. „Þér er ekki boðið.“ *XXX Rottweiler hundar*. Geisladiskur.  
Reykjavík: Dennis, 2000. Sótt 15.3.19 af  
[https://www.youtube.com/watch?v=6h\\_BJ-G48AU](https://www.youtube.com/watch?v=6h_BJ-G48AU).